# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

## Grunntónfræði G1 - númer

Haustönn 2026
Kennarar Viktoría Sól Hjaltadóttir og Mahaut Matharel
Forkröfur:
Hæfniþrep
Einingafjöldi:

### Áfangalýsing:

Farið í algjör grunnatriði í táknmáli tónlistarinnar, nótnaskriftina og tengd atriði. Nótnaritun er kennd bæði í G- og F-lykli. Auk óbreyttra tóna er unnið með hækkaða og lækkaða tóna, dúrtónstiga með allt að einu formerki, hljómborðið, einfalda hrynjandi og einfaldan hryn- og sönglestur. Tónbil og tóndæmi af einföldustu gerð eru greind eftir heyrn og uppritуð.

### Námsmarkmið:

#### Þekking:

Nemandi hafi aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á grunnatriðum í táknmáli tónlistarinnar. Hann þekki nótur í G- og F-lykli mism. lengdir þeirra og hvernig má hækka þær og lækka. Hann þekki dúr tónstiga með allt að einu formerki og geti greint flest tónbil innan áttundar eftir heyrn, þekki hljómborðið og hvernig einfaldur taktur lesinn og einföld melódía sungin.

#### Leikni:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að lesa einföld nótnaferli og skrá niður einfaldan tónvef. Hann hafi öðlast leikni í að nýta þekkingu sína í nótnalestri í hljóðfæraleik og söng og virkja tengsl tónfræðiþekkingar við tónlistariðkun hverskonar.

#### Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt ýmissi tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Einnig er hann nú hæfur til að halda áfram í frekara tónfræðinám í G2.

### Námsgögn:

Nótnaskrifbók og ýmis verkefni og glósur frá kennara, Dularfulla nótnabókin og bækurnar Opus I & II.

### Námsmat:

| Námsmatsþáttur | Vægi |
|---|---|
| Tónfræði | 50% |
| Hlustun og greining | 10% |
| Skrifleg tónheyrn | 20 % |
| Sönglestur | 10 % |
| Hrynlestur | 10 % |

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

## Námsáætlun:

| Vikur | Viðfangsefni | Verkefni |
|---|---|---|
| 1. vika<br>(7. – 11. sept 2026) | Nám og námsefni vetrarins kynnt og skipulag þess. Farið yfir nauðsynleg námsgögn vetrarins. | |
| 2. vika<br>(14. – 18. sept 2026) | Hljóð, tíðni og tónn útskýrt sem bylgja. Nótnastrengur og nótur kynntar sem tákn fyrir tóna. G-lykill skoðaður og æfingar í nóntaskrift hefjast. | |
| 3. vika<br>(21. – 25. sept 2026) | Nótnaskrift æfð, og færni í að þekkja óbreyttar nótur á nótnastreng. Leikni í að nefna nótur í tilviljunark. röð á hæfilegum hraða æfð. | |
| 4. vika<br>(28. sept – 2. okt. 2026) | Nótnaskrift æfð, og færni í að þekkja óbreyttar nótur á nótnastreng Algengustu tónbil kynnt og greind á blaði og aðferðir við að þekkja mun þeirra eftir heyrn skoðaðar. | |
| 5. vika<br>(5. – 9. okt 2026) | Nótnaskrift æfð, og færni í að þekkja óbreyttar nótur á nótnastreng Tónbil greind eftir heyrn. | |
| 6. vika<br>(12. – 16. okt 2026) | Nótnaskrift æfð, og færni í að þekkja óbreyttar nótur á nótnastreng Nótnalengdir kynntar og skrifaðar niður. útskýrð stefna og staðsetning nótnahálsa og fána. Hrynjandi í 2/4 útskýrð og einfaldur hrynlestur kynntur | |

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| 7. vika<br>(19. – 23. okt. 2026) | Þjálfun einfalds sönglesturs<br>Þjálfun einfalds hrynlesturs<br>Lítil og stór bil<br>C-dúr tónstigi kynntur, sunginn og skráður niður. | |
| 8. vika<br>(26. – 30 okt. 2026) | Hrynjandi rifjuð upp og takttegundirnar 2/4, 3/4 og 4/4 útskýrðar.<br>Bætt inn taktvísum, taktstrikum, nótum eða þögnum í ýmsum verkefnum.<br>Hrynlestur þjálfaður<br>Hrynupprit þjálfað<br>Sönglestur þjálfaður | |
| 9. vika<br>(2. – 6. nóv. 2026) | Nótnaskrift með hækkunum og lækkunum útskýrð og þjálfuð.<br>Hljómborð kynnt og nótur þess tilgreindar. Hljómborðið teiknað upp og merkt við heiti nótnanna. | |
| 10. vika<br>(9. – 13. nóv. 2026) | C-, G- og F-dúr.<br>Tónbilagreining eftir heyrn.<br>Söngur af blaði<br>Einfalt lagupprit | |
| 11. vika<br>(16. – 20. nóv 2026) | F-lykill kynntur og nótur skráðar í honum með áttundaheitum.<br>C-dúr í F-lykli.<br>Tónbilagreining eftir heyrn.<br>Hljómborð rifjað upp. | |
| 12. vika<br>(23. – 27. nóv 2026) | C-, G- og F-dúr í G-lykli og F-lykli. Tóntegundirnar sýndar á nótnastreng og hljómborði og nemendur læra að skrá þær þar inn. | |
| 13. vika<br>(30. nóv. – 4. des 2026) | 5-6 algeng hljóðfæri kynnt og tónn þeirra. Nemendur reyna að þekkja tón þeirra eftir heyrn.<br>Nótnaskrift í G- og F-lykli rifjuð upp<br>Sönglestur<br>Hrynlestur | |
| 14. vika<br>(7. – 11. des 2026) | Tónbilagreining eftir heyrn.<br>Taktgreining eftir heyrn og á blaði, | Stutt tímakönnun á þekkingu nemenda |

# TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| | Nótnaskrift með hækkunum og lækkunum rifjuð upp.<br>Sönglestur.<br>Hrynlestur<br>Laglínuupprit<br>Hrynupprit | og færni í námsefninu fram að jólum |
| 15. vika<br>(14. – 18. des 2026) | Jólatími, eithvað skemmtilegt gert. | |